

Póstur sendur á alla nemendur skólans 18. október

Í kjölfar þess að nöfn nokkurra nemenda Menntaskólans við Hamrahlíð voru rituð á spegla á salernum skólans hóf skólinn upplýsingaöflun í samræmi við viðbragðsáætlun vegna kynferðislegrar áreitni/kynferðislegs ofbeldis. Þrjú mál eru sem stendur í ferli á grundvelli tilkynninga um atvik utan skólans.

Nokkrar kvartanir um einelti hafa verið sendar skólanum frá einstaklingum á þeim grundvelli að nöfn þeirra hafi að ósekju verið rituð á speglana. Þau mál fara í ferli og hefur skólinn óskað eftir því að utanaðkomandi teymi taki þau mál til meðferðar.

Menntaskólinn við Hamrahlíð mun eftir sem áður sinna skyldu sinni til að hlúa að öllum nemendum. Í kjölfar atburða síðustu vikna hefur skólinn þegar hafið vinnu við að uppfæra áætlanir um viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Þá fagnar skólinn því að stjórnvöld og hagsmunasamtök nemenda hafi sett af stað vinnu sem miðar að því að bæta úrvinnslu slíkra mála.